

REGLUGERÐ

um útgáfu og notkun stæðiskorts fyrir hreyfihamlaða.

1. gr.

Heimild sem stæðiskort veitir

Stæðiskort veitir handhafa þess heimild til að leggja ökutæki í bifreiðastæði (stöðureit) sem eingöngu er ætlað fyrir hreyfihamlaðan einstakling og auðkennt er með þar til gerðu umferðarmerki, sbr. reglugerð um umferðarmerki.

Handhafa stæðiskorts er heimilt að leggja ökutæki í gjaldskytt bifreiðastæði (stöðureit) án greiðslu.

2. gr.

Útgáfa stæðiskorts.

Umferðarstofa gefur út stæðiskort fyrir hreyfihamlaðan einstakling á grundvelli læknisvottorðs, sbr. 3. mgr. og undangengins mats, sbr. 4. mgr. Um málsmeðferð vegna útgáfu stæðiskorta fer að stjórnarsýslulögum nr. 37/1993.

Umsókn um stæðiskort skal rita á eyðublað, sem Umferðarstofa lætur í té og er aðgengilegt á vefsíðu stofnunarinnar. Umferðarstofa heldur landsskrá um útgáfu stæðiskorta.

Skilyrði útgáfu stæðiskorts er að umsækjandi leggi fram læknisvottorð þar sem fram komi að sökum hreyfihömlunar sé honum nauðsyn, sem ökumaður eða farþegi í ökutæki, að geta lagt í bifreiðastæði fyrir fatlaða og í stöðureiti án gjaldskyldu.

Við mat og afgreiðslu á beiðni um stæðiskort skulu læknisfræðileg viðmið um heilsufar umsækjanda, sem landlæknisembættið setur fram, lögð til grundvallar.

Stæðiskort skal gefa út í tiltekinn tíma, að hámarki fimm ár. Handhafa stæðiskorts skal gert viðvart um lok gildistíma 3 mánuðum áður en gildistími kortsins rennur út.

3. gr.

Gerð og notkun stæðiskorts.

Útlit og stærð stæðiskorts skal vera í samræmi við ákvæði í viðauka I við reglugerð þessa.

Þegar ökutæki er lagt í bifreiðastæði, skal stæðiskort sett innan við framrúðu þess, þannig að framhlið kortsins sjáist vel að utan.

Skylt er, sé þess krafist, að sýna stæðiskort lögreglumanni eða stöðuverði sem annast eftirlit með stöðureitum. Heimilt er að leggja hald á stæðiskort til bráðabirgða, vakni grunur um misnotkun þess.

4. gr.

Heimild þess sem flytur hreyfihamlaðan farþega.

Ökumaður ökutækis, sem skv. skráningarvottorði er sérstaklega útbúið fyrir hreyfihamlaðan einstakling í samræmi við ákvæði reglugerðar um gerð og búnað ökutækja, hefur sömu heimild til að leggja ökutæki í bifreiðastæði (stöðureit) og stæðiskort veitir, sbr. 2. gr. Heimildin er þó bundin við þann tíma sem tekur að aðstoða farþega í eða úr ökutækinu og eftir atvikum að því og frá.

5. gr.

Erlent stæðiskort.

Heimilt er að nota stæðiskort hér á landi sem gefið er út af aðildarlöndum Evrópska efnahagssvæðisins og uppfyllir að öllu leyti skilyrði viðauka I við reglugerð þessa.

6. gr.

Afturköllun stæðiskorts.

Umferðarstofa getur afturkallað stæðiskort ef í ljós kemur að það hefur verið misnotað eða handhafi þess fullnægir ekki lengur skilyrðum 3. og 4. mgr. 2. gr.

7. gr.

Viðauki.

Viðauki I um gerð stæðiskorts fyrir hreyfihamlaða fylgir reglugerð þessari og er hluti hennar.

8. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 78. gr. a. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum, svo og með hliðsjón af tilmælum 98/376/EB, sbr. 90. tölulið XIII. viðauka við EES samninginn.. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 369/2000 með síðari breytingum.

Reglugerð þessi öðlast gildi þann 1. september, 2010.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, xxxx 2010

VIÐAUKI I

Gerð stæðiskorts fyrir hreyfihamlaðan einstakling.

Eftirfarandi gildir um gerð og stærð stæðiskorts:

- lengd skal vera 106 mm
- breidd skal vera 148 mm
- grunnlitur skal vera ljósblár
- stæðiskortið skal vera plasthúðað nema reitur sem ætlaður er fyrir undirskrift korthafa.

Framhlið stæðiskorts.

Vinstra megin skal vera:

- hvítt tákni á dökkbláum grunni fyrir hreyfihamlaðan mann
- upplýsingar um lokadag gildistíma stæðiskorts
- raðnúmer stæðiskorts
- nafn útgefanda stæðiskorts.

Hægra megin skal vera:

- orðin „stæðiskort fyrir hreyfihamlaða“
- í bakgrunni þjóðernismerkið „IS“ í sporöskjulaga hring
- áletrunin „EES-gerð“.

Framhlið



Bakhlið stæðiskorts.

Vinstra megin skal vera:

- ljósmynd af korthafa
- eiginnafn/eiginnöfn korthafa og millinafn ef við á
- kenninafn korthafa
- undirskrift korthafa

Hægra megin skal vera þessi áletrun:

Starfskort þetta veitir handhafa þess rétt til að leggja ökutæki í samræmi við reglur um hreyfihamlaða í viðkomandi EES-ríki þar sem hann dvelur.

Við notkun kortsins skal koma því fyrir innan við framrúðu þannig það framhliðin sjáist vel við eftirlit.

Bakhlíð

<p>Mynd af handhafa stæðiskorts</p>	<p>Stæðiskort þetta veitir handhafa þess rétt til að leggja ökutæki í samræmi við reglur um hreyfihamlaða í viðkomandi EES ríki þar sem hann dvelur.</p>
<p>Eiginnafn/millinafn:</p> <hr/>	<p>Við notkun kortsins skal koma því fyrir innan við framrúðu þannig að framhliðin sjáist vel við eftirlit.</p>
<p>Kenninafn:</p> <hr/>	
<p>Undirskrift:</p> <hr/>	

dröoos